

Umsögn Guðrúnar Sch. Thorsteinsson og Jóns Sch. Thorsteinsson um breytingu á lögum um velferð dýra, nr. 55/2013 (bann við blóðmerahaldi)

Við hörmum að blóðmerahald skuli enn vera stundað á Íslandi þrátt fyrir að líklegt sé að sá iðnaður brjóti íslensk lög um dýravelferð og sé að okkar mati siðferðislega rangur.

Nýlega var sett reglugerð um blóðmerahald. Tilgangur reglugerðarinnar var að tryggja velferð og heilbrigði allra hryssa sem nýttar eru í blóðtöku og folalda þeirra. Það voru okkur því mikil vonbrigði að reglugerðin skyldi ekki hafa meiri breytingar í för með sér fyrir líf, heilsu og hag þessarar hryssa og folalda þeirra.

Áfram verður iðnaðurinn stundaður sem aldrei fyrr og enn er leyfilegt ár hvert að fjarlægja 15-20% af blóðrúmmáli þessarar fylfullu og mjólkandi spendýra allt að 8 sinnum með viku millibili. Eftirlit með heilsu og líðan dýranna er enn huglægt mat þess sem á horfir sem oftast eru þeir sem hagsmuni hafa af blóðtökunni. Engar óháðar eða vandaðar rannsóknir eru til um áhrif blóðtökunnar á hryssurnar og eru ekki fyrirhugaðar í gildandi reglugerð þó vissulega sé ákvæði þar um að óháður aðili sjái um mælingar á þeim hgl/hct gildum sem mæld verða skv reglugerðinni.

Til vitnis um það að reglugerðin tryggi ekki velferð hryssanna eru eftirfarandi tölur um blóðtökutímabilið árið 2022:

Árið 2022, frá miðjum júlí fram í byrjun október voru teknir 5 L blóðs í hverri blóðtöku úr 4141 hryssum en hlutfallslega hafa aldrei verið fleiri hryssur sem tekið er úr blóð alls 7-8 sinnum. Tekið var blóð 7 sinnum úr 31% hryssanna og 8 sinnum úr 20,3% hryssanna. Alls var því 15-20% blóðrúmmáls dælt vikulega 7-8 sinnum úr 2124 fylfullum og mjólkandi hryssum (51.3%) á blóðtökutímabilinu. 5-6 sinnum úr 961 hryssu (23,2%), 3-4 sinnum úr 658 hryssum (15.9%), 1-2 sinnum úr 398 hryssum (9.6%).

Þetta er því áfram veruleiki íslenskra blóðmera og folalda þeirra og enn án þess að nokkur ásættanleg gögn séu til um áhrif blóðtökunnar á heilsu og líf hryssanna og folalda þeirra. Við sjáum því enga aðra leið mögulega til að tryggja velferð þessarar hryssa og folalda þeirra en að banna með öllu blóðmerahald og styðjum því frumvarpið af heilum hug.

Hjálagðar hér að neðan eru greinar okkar sem birtust í Kjarnanum í júlí og ágúst 2022 sem fjalla um ýmsar hliðar blóðmerahalds og um þau afar takmörkuðu gögn sem til eru um þol dýranna á blóðtökunni. Þau takmörkuðu gögn sýna þó að ískyggilega hátt hlutfall hryssanna liggja langt undir heilsusamlegum mörkum í blóðrauða á blóðtökutímabilinu með tilheyrandi þjáningum og heilsubrestum.

<https://kjarninn.is/skodun/meint-ahrif-reglugerdar-eiga-ekki-vid-rok-ad-stydjast/>

<https://kjarninn.is/skodun/akall-isteka-um-faerri-maelingar-vid-blodtoku/?fbclid=IwAR03eZq8w1rLZ36MI60ELkbSJiFK14rSSMMZzAFUz7iEKpSlxMKZzihRc3w>

<https://kjarninn.is/skodun/enn-um-hag-og-heilsu-fylfullra-hryssa-sem-saeta-blodtoku/?fbclid=IwAR2sqUYu0IGgi7ZuVjAqwbhVwupXIFw9IVjInlc3eOKN9ikq2IYIJ9wwCBE>